

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 189/1990 um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum.

1. gr.

Við upptalningu á skaðvöldum í viðauka I með reglugerðinni bætist eftirfarandi:

Skordýr, mítlar og þráðormar.

Helstu hýsilplöntur.

Duponchelia fovealis.

Ýmsar tegundir.

2. gr.

Viðauki IV með reglugerðinni orðast svo:

Viðauki IV:

Plöntur sem einungis má flytja til landsins svo fremi sem tilgreind skilyrði séu uppfyllt:

1. Plöntur til áframhaldandi ræktunar eða fjölgunar.

a) Á síðasta vaxtarskeiði plantnanna í ræktunarlandinu skulu þær hafa lotið opinberu heilbrigðiseftirliti í minnst einn mánuð fyrir sendingu til Íslands. Þá mega skaðvaldar skv. viðauka I ekki hafa fundist.

b) Vörtupest (*Synchytrium endobioticum*) má aldrei hafa fundist á vaxtarstaðnum.

c) Kartöfluhnúðormur (*Globodera pallida* og *G. rostochiensis*) má ekki vera á vaxtarstaðnum og má aldrei hafa fundist þar. Jarðvegsrannsókn vegna hnúðorms skal vera gerð samkvæmt viðurkenndum aðferðum og má ekki hafa sýnt hnúða í jarðvegi.

d) Kartöflubjalla (*Leptinotarsa decemlineata*) má ekki koma fyrir á vaxtarstaðnum.

e) Þegar um útsæðiskartöflur er að ræða má kartöflumygla (*Phytophthora infestans*) ekki hafa sést á kartöflugrösum á vaxtarstaðnum á því vaxtarskeiði þegar hnýðin mynduðust og einkenni kartöflumyglu mega ekki sjást á hnýðunum.

2. Kartöflur.

Kartöflur sem fluttar eru inn skulu uppfylla þær kröfur sem felast í lið 1, a-d, í viðauka IV.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 51/1981 um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 2. febrúar 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.